

Morgunverðarfundur um þróunarsjóð innflytjendamála

Íðnó, 10. desember kl. 08:30-09:30

Innflytjendaráð boðar til morgunverðarfundar um þróunarsjóð innflytjendamála. Sjóðurinn hefur verið starfræktur frá árinu 2007 og hafa um 100 verkefni og rannsóknir fengið styrk á þeim tíma. Lögð hefur verið áhersla á að styrkja fjölbreytt verkefni og má þar nefna að leikrit, útvarpsþætti, fræðslu gegn fordómum, vinnumarkaðsúræði og rannsóknir. Á fundinum verða kynnt nokkur verkefni sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og tilkynnt verður hverjar áherslur sjóðsins verða í ár.

Fundarstjóri er Sigurjón Norberg Kjærnested, formaður innflytjendaráðs.

Dagskrá:

- | | |
|---------------|--|
| kl. 8:15-8:30 | Morgunverður |
| kl. 8:35-8:45 | Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, setur fundinn og greinir frá áherslum þróunarsjóðs innflytjendamála í ár. |
| kl. 8:45-9:00 | Eru allir öðruvísi? Jóhann Björnsson, kennari. |
| kl. 9:00-9:15 | Stuðningur við foreldra sem eru innflytjendur , Sigríður Herdís Pálsdóttir, verkefnastjóri Rauða Krossins á Íslandi og móttökufulltrúi nýrra íbúa í Fjarðabyggð. |
| kl. 9:15-9:30 | Taktu þátt +30 , Sabine Leskopf, WOMEN, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. |

Að loknu erindi hvers og eins gefst fundargestum færi á að bera fram fyrirspurnir til fyrirlesara.

Morgunverður í boði frá kl. 8.15.

Fundurinn er opinn öllum og aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og þau verkefni sem fengið hafa styrki úr honum eru aðgengilegar á vef [velferðarráðuneytisins](#).

Tilkynnið þátttöku með því að senda póst á netfangið linda.ros@vel.is



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ